Matargerðin er hluti af menningararfinum

„Auðvitað breytast hlutirnir og þeir þurfa að breytast, en ef við látum alltaf peninga ráða för, þá týnum við verklegri þekkingu okkar smátt og smátt," segir Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur, forstöðumaður Safnahússins á Ísafirði og safnanna fjögurra sem þar eru. Hún er í viðtali vikunnar.



– sjá bls. 8-10

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 16. október 2014 · 41. tbl. · 31. árg. ·Ókeypis eintak



Haust í Korpudal

Stuðningsfulltrúi

Af sérstökum ástæðum auglýsir Grunnskóli Bolungarvíkur eftir stuðningsfulltrúa nú þegar í 80% starf. Við leitum að starfsmanni sem er jákvæður, þolinmóður og hefur gaman af því að starfa í kringum börn. Menntun á uppeldissviði eða reynsla af því að starfa með börnum er nauðsynleg.

Vegna kynjahalla eru karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um. Allar upplýsingar veita skólastjórar í síma 456 7249 eða á netföngunum sossa@bolungarvik.is og steinunn@blolungarvik.is

Grunnskóli Bolungarvíkur.

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Hjálmar Hafþór Sigurðsson
Hrauni

lést á heimili sínu fimmtudaginn 2. október. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 18. október kl. 14:00.

Hulda Helgadóttir

Ólafur R. Hjálmarsson	Þóranna Þórarinsdóttir
Anna Elín Hjálmarsdóttir	Jón Matthías Helgason
Hallgrímur Hjálmarsson	Hafrún Maríusdóttir
Helga S. Hjálmarsdóttir	Orri Sverrisson

og barnabörn.

Ráðherra fer í þveröfuga átt

Breytingar á línuívilnun í ýsu gerir útgerð smábáta erfiðari og hætta er á að til frekari uppsagna komi til viðbótar við þær uppsagnir sem áttu sér stað í Bolungarvík fyrir stuttu. Kristján Andri Guðjónsson, útgerðarmaður og bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, segir að Sigurður Ingi Jóhannsson hafi valdið sér verulegum vonbrigðum með því að minnka línuívilnunarpottinn úr 2.100 tonnum í 1.000 tonn. Síðastliðin ár hefur umtalsverður hluti pottsins brunnið inni og í fyrra voru 493 tonn í línuívilnunarpottinum ekki nýtt. Kristján Andri segir að ráðherra hefði frekar átt að auka

línuívilnunina úr 20% í t.d. 30%. Þá hefði potturinn nýst að fullu og útgerðum smábáta gert auðveldara fyrir.

„Ástæðan fyrir því að aflaheimildir hafa brunnið inni er að menn hafa ekki getað beitt sér í ýsunni vegna minnkandi aflaheimilda. Það sem er að gera mönnum erfitt fyrir er að þorskurinn liggur mjög djúpt og erfitt fyrir smærri báta að sækja hann. Það er heitari sjór upp við landið og þar heldur ýsan sig en menn geta ekki sótt í hana vegna kvótaleysis," segir Kristján Andri.

„Ráðherrann var með þennan pott til staðar og hann hefði að sjálfsögðu átt að auka línuívilnunina upp í sirka 30%. Þetta kemur mjög illa við smábátaútgerð, sérstaklega á tímum lítils ýsukvóta og mikillar ýsugengdar á grunnslóð. Togararnir geta alltaf farið dýptra þar sem þorskurinn heldur sig en það er ekki auðvelt fyrir smábáta að sækja langt að vetrarlagi. Ég vona að ráðherrann skoði alvarlega hvað hann er að gera, hann er að gera mönnum erfiðara fyrir," segir Kristján Andri. – *smari@bb.is*

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

Árleg bólusetning gegn inflúensu

Inflúensubólusetningar hefjast 15. október og verða til 28. nóvember 2014. Bólusett er alla virka daga frá kl. 14:30 til kl. 15:30 á heilsugæslustöðinni á Ísafirði og á opnunartíma í Bolungarvík, Suðureyri, Súðavík, Flateyri og Þingeyri. Nauðsynlegt er að panta tíma í síma 450 4500.

Allir sem fá bólusetningu þurfa að greiða komugjald á heilsugæslustöðina og einstaklingur 60 ára og eldri og þeir sem tilheyra áhættuhópum fá bóluefni sér að kostnaðarlausu. Munið að framvísa afsláttar og/eða örorkuskírteinum við komuna.

Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðunni, hvest.is.

Sársauki er ekki eðlilegt ástand

Átt þú rétt á slysabótum?

Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fáir endurgreiddan sjúkrakostnað, fáir greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiða, jafnvel þó þú hafir verið í óréttri. Ef þú hefur lent í slysi, s.s. umferðarslysi eða vinnuslysi er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

TORT
INNHEIMTA SLYSABÓTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - **www.tort.is**

Daníel formaður

Daníel Jakobsson, hótelstjóri á Ísafirði var kjörinn formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða á aðalfundi samtakanna sem haldinn var á föstudag. Daníel segir að gott hljóð hafi verið í vestfirskum ferðaþjónum. Hann segist vilja að samtökin beiti sér enn frekar að samstöðu meðal ferðaþjóna á Vestfjörðum.

Á fundinum voru fjórir nýir stjórnarmenn kosnir í stjórn samtakanna, Þorsteinn Másson, Bolungarvík, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Ísafirði, Arinbjörn Bernharðsson, Norðurfirði og Einar Kristinn Jónsson, Patreksfirði. Harpa Eiríksdóttir, Reykhólum og Nancy Bechtloff, Ísafirði sitja áfram í stjórn samtakanna.

PÁSKAFERÐ

Valencia

Stórbrotin borg lista og menninga

Beint leiguflug
með Icelandair
Innifalið:
20 kg. taska og
10 kg. handfarangur

SH Abashiri ★★★

1.-5. apríl. 2015

VERÐ FRÁ:

115.900 KR

á mann m.v. tvo fullorðna í tvíbýli
með morgunverði.

Aukakrónur

Þú getur nýtt þér Aukakrónurnar
upp í þessa ferð.

Kynntu þér Valencia á uu.is

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is

ÚRVAL·ÚTSÝN

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Sæbjörg Freyja Gísladóttir, 843 0077, sfg@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Gústaf Gústafsson Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Perlan í Arnarfirði

„Þessar framkvæmdir eru löngu orðnar tímabærar. Svæðið hefur verið undir gríðarlega miklu álagi undanfarið vegna fjölda ferðamanna.“ Þessi ummæli Hákons Ásgeirssonar, sérfræðings hjá Umhverfisstofnun, fyrir breyttu aðgengi að einni helstu náttúruperlu Vestfjarða, Dynjanda í Arnarfirði, eru ekki aðeins orð í tíma töluð. Yfirlýsing um tilteknar framkvæmdir, sem ætlunin er að ljúki á næsta ári, fylgdu í kjölfarið.

Þeim mun mikilvægara er að nú skuli tekið til hendinni þar sem svo var komið að umhverfi Dynjanda var eitt af friðlýstum svæðum sem talin eru í hættu vegna ásóknar, nú í annað skipti á fjögurra ára tímabili. Slíkt gengur að sjálfsögðu ekki þegar verið er að tala um einn fegursta foss landsins, sem ásamt umhverfi sínu var friðlýstur sem náttúruvætti 1981, að megin markmiði til að vernda fossastigann í ánni, sem óneitanlega skapar vatnsfallinu sérstöðu meðal íslenskra fossa.

Það þarf ekki að rýna í spákúlu til að geta sér til um þær stökkbreytingar sem verða kunna á fjölda ferðamanna á Dynjandissvæðinu með tilkomu Dýrafjarðarganganna, en með þeim verður bylting í samgöngum milli þessa eftirsótta áfangastaðar ferðalanga og Ísafjarðarkaupstaðar. Í þeim efnum ber hæst síaukinn fjölda skemmtiferðaskipa með þúsundir gesta.

Þótt mikilvægi Dýrafjarðarganga sé dregið fram með þessum hætti, er Vestfirðingum ekki þýðingarminna mikilvægi þeirra sem liður í heilsárssamgöngum innan fjórðungsins. Því hlutverki skila göngin hins vegar ekki fyrr er vegslóðinn yfir Dynjandisheiði, sem vel má líkja við reiðgötur fyrri alda,, og er að komast á aldur ellilífeyrisþega, hefur vikið fyrir heilsársvegi yfir heiðina. Hvað þessar samgöngubætur varðar bíða Vestfirðingar óþreyjufullir eftir að njóta sömu mannréttinda og íbúar annarra landshluta.

Dynjandi er perlan. Umhverfið er hálsfestin. Skiptir ekki máli hvernig þetta er orðað. Hitt skiptir aftur á móti öllu hvernig umgengnin og umhirðan, á umhverfi perlunnar er. Sá þáttur er að öllu leyti undir okkur sjálfum, mannfólkinu, kominn.

Sama lögmál gildir um byggðakjarnana á Vestfjörðum, hvern og einn, útlit þeirra ber umgengni okkar og væntumþykju vitni. Verum minnug orða Strandseljabóndans, sem sem kvað okkur ekki eiga landið, í raun, og því beri okkur að skila því til komandi kynslóða í ekki verra ásigkomulagi en það var, er við var tekið.

Vestfirðir eru hátt skrifaðir erlendis og þykja meðal áhugaverðustu staða heim að sækja. Þeim standard verðum við að viðhalda. *s.h.*

Spurning vikunnar

Á að takmarka fjölda skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar?

Alls svöruðu 475.
Já sögðu 167 eða 35%
Nei sögðu 308 eða 65%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík.

Sýslumaðurinn verður á Patreksfirði

Innanríkisráðuneytið hefur birt drög að reglugerðum um umdæmamörk og starfsstöðvar nýrra lögregluembætta og sýslumannsembætta, en breytingar á umdæmunum ganga í gildi 1. janúar nk. samkvæmt lögum frá því í vor. Samkvæmt drögunum verður aðalskrifstofa og aðsetur sýslumanns Vestfjarða á Patreksfirði. Sýsluskrifstofa verður á Ísafirði og útibú sýslumanns verða á Hólmavík og í Bolungarvík. Aðalstöð lögreglustjórans á Vestfjörðum verður á Ísafirði og lögreglustöðvar verða á Patreksfirði, Hólmavík og Bolungarvík.

Ný lög um umdæmisskipan sýslumanna taka gildi um áramót. Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík, hefur verið skipaður sýslumaður Vestfjarða.

Ráðuneytið óskar jafnframt eftir rökstuddum umsögnum um drögin eigi síðar en föstudaginn 17. október nk. Reglugerðardrögin eru unnin í samræmi við viðamikið samráðsferli sem hófst með birtingu umræðuskjala um efni reglugerðanna á vef ráðuneytisins 4. júní síðastliðinn og segir í frétt ráðuneytisins að um lokahnykkinn í því ferli sé að ræða. Ráðuneytið hafði í aðdraganda þessa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga, lögreglustjóra og sýslumenn og áttu innanríkisráðherra og starfsmenn ráðuneytisins fjölmarga fundi í samráðsferlinu. Efni reglugerðanna er tvíþætt:

Annars vegar er kveðið á um hver umdæmamörk hinna nýju embætta verða og hins vegar hvar aðalstöðvar lögreglustjóra og aðalskrifstofur sýslumanna skuli staðsettar, sem og aðrar lögreglustöðvar og sýsluskrifstofur. Þá er jafnframt kveðið á um hvaða þjónustu skuli veita á sýsluskrifstofum. *– smari@bb.is*

ÍSAFJARÐARBÆR

HJÚKRUNARHEIMILIÐ EYRI, ÍSAFIRÐI FRÁGANGUR LÓÐAR

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Hjúkrunarheimilið Eyri, Ísafirði – frágangur lóðar.“
Um er að ræða jöfnun lóðar og landmótun, niðursetningu niðurfalla, smíði trépalls ásamt uppsetningu girðingar o.fl.

Helstu stærðir eru:

Gröftur og fylling	2.500 m³
Grófjöfnun lóðar	3.800 m²
Niðurföll	31 stk
Snjóbræðslulagnir	650 m
Jöfnunarlag undir malbik	3.000 m²

Reiknað er með að verk geti hafist 1. nóvember og skal að fullu lokið 1. júlí 2015. Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 5.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 10. október 2014. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 23. október 2014, kl. 13:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

ALLT Í JÁRNUM
Alhliða véla- & plastviðgerðir
s: 456-2633

Járnsmiður

Allt í járnum ehf., á Tálknafirði óskar eftir að ráða járnsmið eða mann vanan járnavinnu og viðhaldi véla. Um framtíðarstarf er að ræða. Getum útvegað húsnæði.

Upplýsingar í síma 861 2633 eða á netfanginu alltijarnum@simnet.is.

Sérkennari

Súðavíkurskóli auglýsir eftir sérkennara, með sérsvið í einhverfumálum í hlutastarf sem allra fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 24. okt.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 456 4924 og 895 4485 eða á netfanginu skolastjori@sudavik.is.

MADE BY SWEDEN

- VOLVO XC60 OG ZLATAN -

**Svíþjóð, líkt og Ísland, er land andstæðna. Þar tekst ljósið á við myrkrið.
Stórbrotið landslag, langar vegalengdir, snjór, rigning og ís.
Þetta er heimili Volvo XC60. Bíll sem er byggður fyrir ólíkar aðstæður.
Upplifðu einstaka hönnun og skandinavískan lúxus.**

KYNNTU ÞÉR NÝJAN OG ÖFLUGRI VOLVO XC60

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN OG ENN BETUR BÚINN VOLVO XC60 AWD MEÐ ÖFLUGRI DÍSILVÉL AFLMIKILL, SPARNEYTINN OG SKEMMTILEGUR Í AKSTRI

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO_2 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Inntré hefur starfsemi

Fyrirtækið Inntré ehf., hóf starfsemi á Ísafirði í síðustu viku. Eigendur félagsins eru fjórir, Þröstur Jóhannesson húsasmíðameistari sem á 20%, fjárfestingarsjóðurinn Hvetjandi sem á 20%, Vestfirskir verktakar sem eiga 11% og Hólmberg ehf., sem á 49%. Efnt var til opnunarhófs á fimmtudag þar sem eigendur kynntu starfsemina og húsnæðið sem er á 2. hæð að Sindragötu 11. Nokkur trésmíðafyrirtæki hafa starfað í húsnæðinu s.s. Trésmiðjan Hnífsdal, G7 ehf., TH ehf., og Trésmiðja Ísafjarðar, sem hætti starfsemi í vor.

Starfsmenn fyrirtækisins hafa notað síðustu tvo mánuði til að koma húsnæðinu í stand og eru þegar byrjaðir á smærri verkefnum. Félagið er skuldlaust og á öll sín tæki skuldlaust að sögn Þrastar Jóhannessonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Starfsmenn fyrirtækisins eru þrír í dag en mun fjölga um tvo um næstu mánaðarmót. Fyrirtækið mun einbeita sér að smíði innréttinga, smíði innihurða og sérsmíði í tréiðnaði. Stefnan er að þjónuta heimamarkaðinn sem og að sækja á útboðsmarkað en Inntré átti lægsta tilboð í smíði innréttinga fyrir hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði, sem boðið var út fyrir stuttu.

„Við eigum bara eftir að skrifa undir samninginn. Þegar það er komið lítur veturinn vel út því þetta verkefni dugir fram á vor. Við erum líka með önnur verkefni því fólk er byrjað að koma og skoða verð á innréttingum og einhver þeirra eru komin í vinnslu. Þetta er góður tími til að opna trésmíðaverkstæði því það eru vaxandi verkefni aftur eftir hrunið en þá hrundi 70% af markaðnum í þessari grein," segir Þröstur. *– sfg@bb.is*

Stjórnarmenn fyrirtækisins. F.v. Rafn Pálsson, stjórnarformaður, Þröstur Jóhannesson, Daníel Jakobsson og Alfreð Erlingsson.

Frá opnunarhófinu.

ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM SKIPULAG - MJÓSUND, SKUTULSFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

Ísafjarðarbær auglýsir skipulagslýsingu fyrir Mjósund í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gert er ráð fyrir að nýtt deiliskipulag byggi á grunni deiliskipulagsins frá 1997, þar sem meginstefna þess og ákvæði verði höfð að leiðarljósi. Stefna skipulagsins verður endurskoðuð í ljósi gildandi aðalskipulags. Svæðið afmarkast af Aðalstræti, Skipagötu, Sindragötu og Mjósundum.

Meginstefna gildandi deiliskipulags er þétting byggðar á reitnum ásamt verndun húsa og götumyndar. Í gildandi aðalskipulagi er einnig lögð áhersla á verndun húsa og götumynda auk þéttingar byggðarinnar. Þar er lagt til að háskólabygging rísi á reitnum með stækkunarmöguleikum á aðliggjandi reit suður af skipulagssvæðinu. Í deiliskipulagsvinnunni verður skoðað hvort sú tilhögun sé sú ákjósanlegasta fyrir svæðið. Einnig verða skoðaðir aðrir möguleikar s.s. frekari uppbygging á aðstöðu fyrir fatlaða, en fyrir eru á reitnum sérhæfðar íbúðir og vinnustofur fyrir fatlaða.

Lýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðum Ísafjarðarbæjar *www.isafjordur.is* frá 13. október 2014 til 3. nóvember 2014. Þeir sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna þurfa að skila þeim inn á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði eigi síðar en 3. nóvember 2014.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs.
Ísafirði 9. október 2014.

Nítján sóttu um stöðu sviðsstjóra

Nítján umsóknir bárust um starf sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar en frestur til að sækja um stöðuna rann út 5. október síðastliðinn. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka og aðeins þrjár konur sóttu um stöðuna. Það eru þær Ingibjörg Sigurðardóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir.

Aðrir umsækjendur eru Axel Rodriguez Överby, Ásgeir Ólafsson, Brynjar Þór Jónasson, Davíð Viðarsson, Eggert Guðmundsson, Egilss Skúlason, Einar Birkir Sveinbjörnsson, Einar Hjörleifsson, Garðar Lárusson, Hilmar Freyr Gunnarsson, Hólmgrímur Þorsteinsson, Jón Hrói Finnsson, Kjartan Árnason, Kolbeinn Atli Björnsson og Viðar Magnússon. Hagvangur hefur umsjón með ráðningunni. *–sfg@bb.is*

Dúkkulísuvefur mokar inn milljónum

Hagnaður af rekstri dúkkulísuvefsins dressupgames.com nam tæpum 48 milljónum króna á síðasta ári samkvæmt nýbirtum ársreikningi. Félagið er alfarið í eigu Ingu Maríu Guðmundsdóttur bókasafnfræðings á Ísafirði. Það var stofnað 2007 en síðan var opnuð árið 1998. Á henni má finna tengla inn á fjölmarga tölvuleiki þar sem dúkkulísur af öllum stærðum og gerðum eru klæddar í föt og skreyttar með ýmsum fylgihlutum. Vefsíðan fær milljónir innlita í hverjum mánuði en tekjurnar koma inn í gegnum auglýsingasamning við Google.

Eigið fé félagsins nam 194 milljónum króna í árslok 2013. Eignirnar námu þá rúmum 208 milljónum og skuldirnar tæpum 15 milljónum. Rekstur Dress up games hefur skilað hagnaði frá því félagið var stofnað og það hefur á undanförnum árum verið á meðal arðbærustu fyrirtækja á Vestfjörðum. Afkoman hefur þó aldrei verið betri en árið 2010 þegar hún var jákvæð um 111 milljónir króna. Í ársreikningi félagsins kemur fram að arðgreiðslur hafi numið 40 milljónum króna í fyrra og 38 milljónum árið 2012. Frá þessu er greint á fréttavefnum visir.is.

Sparnaður

Láttu sparnaðinn rætast

Brúðkaupsafmæli aldarinnar

Settu þér skemmtilegt markmið og náðu því!
Við vitum að það getur verið erfitt að hefja reglulegan sparnað.
Þess vegna höfum við einfaldað fyrstu skrefin í Netbankanum.
Um leið og sparnaðurinn er orðinn hluti af föstum útgjöldum er
eftirleikurinn miklu auðveldari.

Hvað hefur þig alltaf dreymt um að gera? Láttu sparnaðinn rætast!

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

Matargerðin er hluti af menningararfinum

Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur er forstöðumaður Safnahússins á Eyrartúni á Ísafirði, Gamla sjúkrahússins, eins og margir kalla það enn í dag, sem byggt var árið 1925. Jafnframt er hún forstöðumaður allra safnanna fjögurra í húsinu. Hún hefur gegnt þessu starfi frá 2010 þegar hún tók við af Jóhanni Hinrikssyni, en þá hafði hún unnið lengi á þessum vettvangi á Ísafirði. Jóna Símonía er Ísfirðingur að uppruna en fór að loknu stúdentsprófi til náms syðra, tvítug að aldri. Hún kom aftur vestur árið 1993 og byrjaði þá að vinna á Héraðsskjalasafninu á Ísafirði og á Bæjar- og héraðsbókasafni Ísafjarðar, jafnframt öðru verkefni sem vikið verður að síðar.

„Svo fór ég alveg yfir á skjalasafnið og síðan ljósmyndasafnið og leysti af forstöðumann Byggðasafns Vestfjarða um tíma. Þannig hef ég verið í safnageiranum alveg síðan ég flutti aftur heim," segir hún. Líka er þess að geta, að auk þess að vinna á söfnum má segja að hún eigi heima á safni.

Þegar Jóna Símonía sneri aftur heim voru söfnin ekki komin á núverandi stað í Safnahúsinu á Eyrartúni, sem vígt var til hins nýja hlutverks á þjóðhátíðardaginn 2003, heldur voru þau til húsa á Sundhallarloftinu við Austurveg. Safnahúsið er samtals um þúsund fermetrar að gólffleti, kjallari og þrjár hæðir. Það er eitt af þremur menningarhúsum bæjarins í samræmi við samning sveitarfélaga og ríkisins um menningarhús á landsbyggðinni.

Húsið fallegt bæði að utan og innan

– Voru það mikil viðbrigði að flytjast úr Sundhöllinni í þetta hús?

„Já, á sundlaugarloftinu þar sem bókasafnið og skjalasafnið voru búin að vera mjög lengi var mjög takmarkaður húsakostur. Fyrst flytjum við skjalasafnið hingað upp eftir áður en búið var að gera húsið upp og þá vann ég hérna í kjallaranum í svolítinn tíma.

En þegar allt var komið hingað var aðstaðan miklu betri en áður. Húsið er náttúrlega miklu stærra og öll aðstaða til vinnu rýmri, að taka á móti aðföngum og taka á móti fólki, allt er miklu betra hér. Miklu betra plass til alls sem þarf."

– Hvernig er tilfinningin að starfa í þessu húsi, sjúkrahúsinu sem Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins teiknaði og ýmsir hafa kallað fallegasta og glæsilegasta hús Ísafjarðar? Eða fylgir því annars einhver sérstök tilfinning?

„Þetta er mjög notalegt hús. Gott að vinna hérna, góður andi í húsinu sjálfu. Einhvern veginn finnur maður bæði fyrir fegurð hússins og allri þeirri sögu sem fylgir því. Líka gleður mann mjög það samdóma álit fólks sem kemur hér inn, hvað því finnst húsið sjálft vinalegt og fallegt og bókasafnið líka. Þar má til dæmis nefna útlendingana af skemmtiferðaskipunum. Gestirnir kunna að meta hvernig haldið hefur verið í það upprunalega. Húsið er ekki bara fallegt að utan, heldur líka að innan."

Hugurinn stefnir til bæði safnafræði og guðfræði

Jóna Símonía lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði árið 1985, fór þá suður og byrjaði í lögfræði við Háskóla Íslands og stundaði það nám í þrjú ár. Þá fór hún yfir í sagnfræði og lauk BA-prófi í þeirri grein og tók auk þess uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda. Að þessu loknu kom hún aftur vestur á Ísafjörð og hefur búið þar síðan.

Núna er hún að ljúka meistaranámi í sagnfræði, er að skrifa ritgerðina, jafnframt því sem hún er í MIS-námi (Management Information Systems) í upplýsingafræðum.

„Mig langar síðan að taka meira, hugurinn hefur lengi staðið til þess að læra safnafræði og guðfræði, en það er reyndar ekki að vita hvað maður gerir."

– Hvert er viðfangsefnið til meistaraprófsins í sagnfræðinni?

„Ég er að skrifa um skjöl, gera úttekt á skjölum Ísafjarðarkaupstaðar og síðan Ísafjarðarbæjar, skoða hvernig skjalasafn sveitarfélags byggist upp og hvað það hefur að geyma."

Rykfallið fólk á skjalasöfnum?

– Einhvern veginn hef ég stundum haft á tilfinningunni að fólki finnist að það hljóti að vera heldur þurrleg og ryksækin iðja að vinna á skjalasafni. Er það svo?

„Nei, alls ekki. Það er mjög áhugavert og skemmtilegt, finnst mér. Að vera skjalavörður felur náttúrlega í sér að maður er að taka við skjölum, skrá þau og pakka og allt það. Líka þarf að svara margháttuðum fyrirspurnum og þess vegna þarf maður að rannsaka ýmsa hluti og leita upplýsinga. Núna er eftirlitsskylda með sveitarfélögum líka orðin nokkuð stór hluti af starfi skjalavarðar á héraðsskjalasafni.

Þannig er vinnan bæði í fortíðinni, sem felst í því að safna og skrá og varðveita og vinna úr eldri skjölum, og líka í nútíðinni, að fylgjast með því að opinber skjalasöfn séu í lagi og veita leiðbeiningar til sveitarfélaga um það hvernig beri að haga skjalamálum og fylgja lögum og reglum í þeim efnum. Þetta er þannig mjög fjölbreytt starf."

Mestur hlutinn af skjölum Ásgeirsverslunar

Söfnin í Safnahúsinu á Ísafirði eru af ólíku tagi. Þar eru bókasafnið, héraðsskjalasafnið og ljósmyndasafnið, ásamt því sem Listasafn Ísafjarðar er þar með sína aðstöðu.

Bókasafnið er elst safnanna, formlega stofnað árið 1889 og því gamalt og merkilegt safn. Það er örugglega eitt af stærstu almenningsbókasöfnum á landinu með mjög fjölbreytta safneign. Starfsmenn þess eru fjórir að forstöðumanninum meðtöldum.

Héraðsskjalasafnið á Ísafirði var stofnað árið 1952. Umdæmi þess er Ísafjarðarbær og báðar Ísafjarðarsýslurnar gömlu.

„Það hefur vaxið mjög ört, við höfum verið að fá afhent inn mjög mikið af skjölum, bæði opinberum skjölum og einkaskjölum. Safnkosturinn er mjög áhugaverður, þar má meðal annars nefna að við erum hér með mestallt af skjölum Ásgeirsverslunar. Öll starfsemi í kringum safnið hefur aukist mikið enda getum við sinnt því miklu betur en aðstaðan leyfði á gamla staðnum," segir Jóna Símonía.

Nefna má í þessu sambandi að Ásgeirsverslun, sem starfaði á Ísafirði frá 1852 og fram til 1918, var á sinni tíð stærsta útgerðar- og verslunarveldi landsins.

Við héraðsskjalasafnið starfar einn skjalavörður auk Jónu Símoníu. Á vegum þess eru að auki nokkur störf við skráningu sóknarmannatala, sem safnið annast fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. „Það er mjög áhugavert verkefni sem við höfum haft með höndum í nokkurn tíma," segir hún.

Yfir hálf milljón ljósmynda

Ljósmyndasafn Ísafjarðar er í eigu Ísafjarðarbæjar. Það starfaði sem deild í héraðsskjalasafninu frá 1970 en hefur verið sjálfstæð stofnun frá flutningnum í Safnahúsið.

„Ljósmyndasafnið er líka mjög merkilegt safn. Umsvifin í kringum það hafa aukist mikið á síðustu árum. Við erum hérna með yfir hálfa milljón ljósmynda og stór hluti af þeim eru söfn þeirra ljósmyndara sem hafa starfað hérna. Þar má nefna Björn Pálsson, Martinus Simson, Jón Aðalbjörn, Ljósmyndastofu Ísafjarðar, Arnþrúði Aspelund og Leó Jóhannsson. Auk þess myndasafn Vestfirska fréttablaðsins, sem hóf göngu sína 1975 og kom út hér á Ísafirði í rúma tvo áratugi, sem og myndasöfn frá einstaklingum.

Þessi myndasöfn erum við alltaf af smátt og smátt að skanna og skrá og setja á netið eftir því sem mannafli leyfir," segir Jóna Símonía.

Í tilefni af flutningi safnanna í nýju húsakynnin árið 2003 var Ljósmyndasafninu afhent filmusafn Jóns Hermannssonar loftskeytamanns á Ísafirði, um tíu þúsund myndir, aðallega atvinnulífsmyndir frá þriðja fjórðungi 20. aldar. Á safninu er einnig varðveitt safn Sigurgeirs B. Halldórssonar, um þúsund myndir frá miðri 20. öld, safn Hauks Sigurðssonar ljósmyndara, um 24 þúsund myndir, og um 40 þúsund myndir frá ljósmyndastofunni Myndás. Árið 2007 bárust safninu 76 þúsund myndir frá Þorsteini J. Tómassyni á Ísafirði og árið 2009 var allt filmusafn héraðsfréttablaðsins Bæjarins besta afhent safninu.

Verk Listasafns Ísafjarðar víðar en í Safnahúsinu

Minningarsjóður um tvo vestfirska bræður er stofninn að Listasafni Ísafjarðar. Það voru þeir Rögnvaldur Ágúst Ólafsson, hinn þjóðkunni húsameistari, sem dó liðlega fertugur árið 1917, og Jón Þorkell Ólafsson, trésmíðameistari og húsasmiður á Ísafirði, sem lést nærri hálfáttræður árið 1953. Sjóðurinn var dánargjöf Elínar Sigríðar Halldórsdóttur, ekkju Jóns Þorkels. Með erfðaskrá gaf hún nær allar eignir sínar til menningarmála á Ísafirði.

Listasafn Ísafjarðar var stofnað 1963, en fyrsta sýning á verkum þess var haldin sumarið 1966 í tilefni aldarafmælis bæjarstjórnar á Ísafirði.

„Listasafn Ísafjarðar er í rauninni sérstök stofnun og hefur sýningarrými í salnum hér á annarri hæðinni. Safnið stendur fyrir listsýningum árið um kring, jafnframt því að vera í samstarfi í sýningahaldi við hin söfnin hér í húsinu og við Byggðasafn Vestfjarða. Fyrir utan listsýningar notum við salinn líka undir annars konar sýningar, svo sem jólasýningar," segir Jóna Símonía.

Safnkostur Listasafns Ísafjarðar er kominn yfir 150 verk, bæði málverk og höggmyndir. Hann er mjög fjölbreyttur og spannar allt frá verkum áhugalistamanna til Kjarvals.

„Þetta eru ýmist verk sem hafa verið gefin eða keypt til safnsins gegnum tíðina og einskorðast ekki við list af þessu svæði hér. Það er ekki stöðug sýning uppi á verkum safnsins, en verk í eigu þess geta gestir og gangandi séð allvíða um bæinn, svo sem í Stjórnsýsluhúsinu og Háskólasetri Vestfjarða."

Búsett í Neðsta ásamt manni og ketti

Ekki aðeins starfar Jóna Símonía á söfnum heldur er hún í rauninni líka búsett á safni, í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað, einu af elstu húsum Ísafjarðar.

„Já, Faktorshúsið var byggt 1765 sem íbúðarhús fyrir verslunarstjórann eftir að danskir kaupmenn fóru að hafa vetursetu á Ísafirði. Segja má að búið hafi verið í húsinu nánast samfellt frá

upphafi. Neðstikaupstaður var friðaður 1975 og síðan farið að lagfæra húsin og gera þau upp og sjóminjadeild Byggðasafns Vestfjarða flutt í Turnhúsið," segir hún.

Auk Safnahússins er húsaþyrpingin í Neðstakaupstað ein helsta bæjarprýði Ísafjarðar. Elsta húsið þar er Krambúðin, sem byggð var að líkindum árið 1758. Þar býr ásamt fjölskyldu sinni annar safnamaður, Björn Baldursson úr Vigur, starfsmaður Byggðasafns Vestfjarða. Krambúðina byggðu Hörmangararnir, kaupmennirnir frægu eða alræmdu, eftir því hvernig á það er litið.

Í Faktorshúsinu býr Jóna Símonía með Þorsteini Traustasyni frá Flateyri, sem reyndar er ættaður bæði sunnan úr Borgarfirði og norðan (nordan) úr Grímsey. Þau eiga einn kött sem heitir Urður.

Ísfirðingur í báðar ættir

Jóna Símonía Bjarnadóttir er fædd á Ísafirði árið 1965 og alin þar upp, dóttir Ágústu Benediktsdóttur og Bjarna Líndal Gestssonar, sem búa þar enn við Engjaveginn. Þau eru bæði fædd og uppalin á Ísafirði, en afar og ömmur komu annars staðar að, líkt og altítt er.

Afi hennar og amma í móðurætt voru Símonía Ásgeirsdóttir í Tungu í Skutulsfirði og Benedikt Rósi Steindórsson, sem andaðist árið 1952 eða áður en Símonía settist að í Tungu.

Afi hennar og amma í föðurætt voru Gestur Loftsson og Jóna Bjarnadóttir í Turninum á Ísafirði. Turninn stóð fyrst við Silfurtorg þar sem Bókhlaðan er en var síðan fluttur þangað sem hann er núna að Aðalstræti 21.

Heimsstyrjöldin og Helförin

– Hvaða svið eða tímabil fannst þér áhugaverðast þegar þú varst í sagnfræðináminu og hvað finnst þér áhugaverðast núna?

„Mér fannst bara saga almennt mjög skemmtileg, að pæla í sögu og atburðum og greina sögu, en meðan ég var í náminu var ég aðallega í félags- og hagsögu. En þá var framboð af kúrsum ekki nándarnærri eins mikið og fjölbreytt og það er orðið núna. Það réð því kannski eitthvað hvar ég lenti í náminu, en helsta áhugasvið mitt í sögu og það sem ég hef einna mest kynnt mér er heimsstyrjöldin síðari og Helförin."

Jóna Símonía segir að þar hafi hún ekki einbeitt sér að áhrifum styrjaldarinnar hérlendis heldur fyrst og fremst stríðinu á meginlandi Evrópu.

„Seinni árin hef ég einkum verið að kynna mér gerendurna í Helförinni, þá sem unnu við útrýminguna, og jafnframt stjórnkerfið. Þannig er ég búin að liggja talsvert yfir Hitler og reyna að skynja að einhverju leyti hvað lá

að baki þessu kerfi þeirra og hvernig þetta allt saman gat eiginlega gerst.“

Ef ég færi héðan, þá væntanlega til útlanda

– Þegar þú varst í náminu syðra, kom þá til greina að koma ekki aftur vestur, eða hefurðu alltaf viljað eiga heima á Ísafirði?

„Ég fór suður með því hugarfari að koma svo aftur heim, en þegar leið á námsárin, þá gat ég alveg hugsað mér að vera áfram fyrir sunnan eða fara eitthvert annað. En svo fór ég að vinna með Elísabetu Gunnarsdóttur arkitekt að húsakönnuninni hér á Ísafirði og þá var jafnframt ákveðið að ráða inn á skjalasafnið. Þannig var ég komin hér í verkefni og vinnu og það gerði útslagið að ég er hér.

Ég held að ég myndi ekki vilja búa neins staðar á Íslandi annars staðar en hér. Ef ég færi héðan á annað borð, þá færi ég væntanlega til útlanda. En hér er mjög gott að búa og hér vil ég vera.“

Kötturinn étur ekki kökur

Jóna Símonía á vissulega fleiri áhugamál en söguna og starfið. Fyrir tveimur árum gáfu þær Guðfinna Hreiðarsdóttir sagnfræðingur og skjalavörður út litla kökubók með heitinu *Þjóðlegt með kaffinu*, og raunar má segja að einnig þar komi áhuginn á sögunni fram. Jóna Símonía annaðist textann (uppskriftirnar) en Guðfinna tók ljósmyndirnar. Kver þetta kom ekki aðeins út á íslensku heldur einnig á ensku, þýsku, dönsku og frönsku og hlaut góðar viðtökur.

Í fyrra kom síðan frá þeirra hendi bókin *Þjóðlegar hnallþórur*, sem geymir uppskriftir að klassískum tertum sem hafa verið vinsælar á veisluborðum Íslendinga um langt skeið. Hver og ein þeirra á sinn stað í hugum og hjörtum fjölskyldna sem geta ekki hugsað sér að halda veislu án þess að tiltekin terta sé á borðum. Hnallþórubókin er enn sem komið er bara til á íslensku en ensk útgáfa er í farvatninu.

„Þetta er eitt af því sem mér finnst mjög skemmtilegt. Mér finnst óskaplega gaman að standa í baksturs- og matarstússi. Það gefur augaleið, að hafandi bara einn kall og svo kött sem ekki étur kökur, þá eru ekki svo miklir möguleikar að fá útrás fyrir slíkt heima fyrir. Ég hef mikinn áhuga á öllu því þjóðlega, svo sem þjóðlegri matargerð og þjóðlegum siðum og venjum yfirleitt. Þessi áhugi fékk skemmtilega útrás í þessu samstarfi okkar Guðfinnu.“

Því má skjóta inn hér, að þær halda líka úti Facebook-síðunni thjodlegtmedkaffinu.

Vambir og vélindu, ostar og smjör

Í framhaldi af þessu skal Jóna Símonía spurð hvernig henni lítist á þá ráðstöfun, sem hefur verið í fréttum að undanförnu, að fólk skuli ekki lengur geta keypt vambir til sláturgerðar heldur þurfi að nota einhverjar gervivambir. Í staðinn eru vambirnar seldar til útlanda til notkunar í matargerð.

„Mjög illa,“ segir hún. „Það kemur ekkert í staðinn fyrir vambirnar. Þetta er hluti af því, að við Íslendingar erum alltaf að vinna gegn hefðunum og kunnáttunni. Með þessu til dæmis er verið að taka burt kunnáttuna að kalóna vambir og allt í kringum þær. Núna fáum við ekki heldur vélindu lengur eða gollurhús og annað sem fólk nýtti áður, nema með einhverju basli og þá eftir ólöglegum leiðum.

Með þessu móti erum við alltaf að skerða gömlu þjóðlegu þekkinguna okkar. Mér þykir það mjög miður, við ættum þvert á móti að leggja metnað okkar í að viðhalda þessari þekkingu. Af hverju er okkur ekki gefinn kostur á að kaupa þetta í stað þess að selja það úr landi?“

Mysuosturinn er horfinn

Það er margt í þessum dúr hérlendis á seinni árum, að sögn Jónu Símoníu. „Ég man að þegar ég var púki var mikil fjölbreytni í ostagerð. Þannig mátti kaupa ost að norðan og smjör að norðan. Þekkingin á ostagerð eftir gömlum aðferðum var mikil, en svo tapast allt. Mér finnst merkilegt að við skulum ekki lengur geta keypt mismunandi tegundir af smjöri. Mysuosturinn er horfinn og þannig mætti áfram telja.

Auðvitað breytast hlutirnir og þeir þurfa að breytast, en ef við látum alltaf peninga ráða för, þá týnum við verklegri þekkingu okkar smátt og smátt. Það er reyndar ánægjulegt hvað það hefur orðið mikil vakning í að safna upplýsingum um matarhefðir, en við þurfum að halda þeim við.“

Jól í skókassa

Nú fer í hönd annasamur tími í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað líkt og víðar, einungis 69 dagar til jóla þegar þetta blað kemur út, og jólaundirbúningurinn að fara í gang.

„Maður segir það auðvitað ekki upphátt, að einstaka jólaplata er komin á fóninn á heimilinu og farið að huga að bakstri. Fyrsta stóra törnin er þó að ganga frá *Jól í skókassa*, verkefni sem við höfum tekið þátt í núna í nokkuð mörg ár.

Ég vonast til að geta sent tvöfaldan skammt þetta árið. Fátt veitir manni meiri gleði en að gefa og gleðja aðra, sér í lagi börnin. Segir ekki í einhverri góðri bók að sælla sé að gefa en þiggja?“

– Hlynur Þór Magnússon.

Sælkerar vikunnar eru Málfríður Hjaltadóttir og Magnús Jónsson

Kjúklinga lasagne og norsk brúnterta

Okkur langar að bjóða uppá kjúklinga lasagne sem er mjög vinsælt á okkar heimili og síðan ljúffenga súkkulaðiköku sem heitir norsk brúnterta sem er mikið bökuð á heimilinu.

Kjúklinga lasagne fyrir 4-6

4 kjúklingabringur
1 stór laukur
1 rauð paprika
2 dósir salsa sósa (mild eða hot) við notum alltaf milda.
Taco krydd í poka
1 dós lítil kotasæla
Piparostur
Rifinn ostur

Kjúklingur er skorinn í smáa bita og steiktur í taco kryddi á pönnu. Söxuðum lauk og papriku bætt á pönnuna og látið malla í nokkrar mínútur, svo er salsa sósu bætt við. Tortillapönnukökur á botn í eldföstu móti, kjúklinga blandan ofaná, sama gert aftur og aftur, á efsta lagið af pönnukökunni er sett kotasæla síðan rifinn piparostur og að lokum rifinn ostur yfir allt. Bakað í ofni þar til fallegur litur er kominn á . Borið fram með fersku salati og hrísgrjónum, en stundum hef ég hvítlauksbrauð líka með.

Norsk brúnterta

Botn: (2 form)
125 gr. súkkulaði
125 gr. smjörlíki
1,5 dl sterkt kaffi
4 egg
300 gr. sykur
200 gr. hveiti
2 tsk lyftiduft

Krem:
250 gr. súkkulaði brætt yfir vatnsbaði.
300 gr. flórsykur
150 gr. smjörlíki
1egg

Aðferð á botni:
Bræða súkkulaði, smjörlíki og kaffi í potti. Þeyta sykur og egg, hveiti og lyftiduft saman við, síðan súkkulaði blandan saman við. Bakað við 180°C í 20 mín á blæstri (sett í 2 form)
Aðferð á kremi:

Bræða súkkulaði yfir vatnsbaði. Flórsykur og egg þeytt saman, smjörlíki út í og súkkulaðið sett síðast. Þetta er mikið krem þannig að það er sett á milli botnanna, hliðarnar og ofan á. Gott er að ýfa kremið með gaffli og skreyta með jarðaberjum. Borin fram með þeyttum rjóma.

Við skorum á heiðurshjónin Guðmund Hjaltason og Matthildi Helga- Jónudóttur á Ísafirði að vera næstu sælkerar vikunnar.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Nýtt kortatímabil **Nýtt kortatímabil** Nýtt kortatímabil

SEX 2JA LTR. FLÖSKUR COKE ZERO: ***129 KR.***

Sensodyne tannkrem
Orginal/ Whitening

Tilbúin
Þarf aðeins að hita

Ali elduð spareribs (grísarif) *Tilbúin, þarf aðeins að hita*



Ali Bayonneskinka
úr læri 1.flokkur

Norðanfiskur **Forsteiktar fiskbollur** *(frosnar)*

Isio 4 **Matarolía 1 ltr.**
Verð áður 547 kr. 1 ltr.

Bónus **Feti í kryddolíu/olíu m.ólífum**

OS Íslenskur **Góðostur**

Bónus **Matarrjómi** 400ml.

OWL **Kartöfluflögur** 200g

OWL **OSTASNAKK 175g**

Heima **Suðusúkkulaði** 300g

Heima **Smjörlíki 500g**

Hollenskar **Perur**

Góður tilbúinn matur **fyrir 3 til 4**

998 kr. bakkinn

AFGREIÐSLUTÍMI **FÖSTUDAGUR** 10:00-19:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl. *Gilda til 19.okt*

AFGREIÐSLUTÍMI **LAUGARDAGUR** 10:00-18:00

Lánasafnið verulega laskað

Á aðalfundum Sparisjóðs Bolungarvíkur og Sparisjóðs Norðurlands sem haldnir voru undir lok júní var einróma samþykkt að sameina sparisjóðina undir nafni og kennitölu Sparisjóðs Norðurlands. Áætlun um samruna sjóðanna gerði ráð fyrir að spara mætti umtalsverða fjármuni með samruna sjóðanna og samruninn yrði til þess fallinn að styrkja rekstur sjóðanna. Þannig gerðu áætlanir ráð fyrir að eiginfjárstaða sameinaðs sjóðs yrði sterk og sjóðurinn stæðist kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja um eiginfjárhlutfall.

„Við skoðun á lánasafni fyrrum Sparisjóðs Bolungarvíkur hefur komið í ljós að lánasafn sjóðsins er verulega laskað og stendur engan veginn undir þeim upphæðum sem bókaðar hafa verið í reikningum sjóðsins um síðustu áramót. Við gerð sex mánaða uppgjörs fyrir sameinaðan sjóð nú er það niðurstaða málsins að færa þurfti Bolungarvíkur lánasafnið niður um 207 milljónir króna. Ástæða þess er að um veruleg ofmat hefur verið að ræða á fjölda eigna í safninu sem ljóst er að ekki verða innheimtar. Þessu til viðbótar kemur að fara þarf í frekari niðurfærslu á lánasafni Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og nemur sú upphæð 34 milljónum króna," segir í bréfi frá stjórn Sparisjóðs Norðurlands til stofnfjáreigenda í sjóðnum.

Þar segir einnig að alvarleiki málsins sé mikill. „Í fyrsta lagi vegna þess að þær upplýsingar sem fyrir lágu um Sparisjóð Bolungarvíkur og lagðar voru til grundvallar í samrunaskjölum eru mjög villandi um raunverulega stöðu sjóðsins. Í öðru lagi eru þetta mjög alvarleg tíðindi fyrir rekstur og stöðu sameinaðs sjóðs, þar sem sjóðurinn stendur ekki undir eiginfjárkröfunni sem Fjármálaeftirlitið gerir til sjóðsins. Í ársuppgjöri Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2013 er stofnfé talið 514 milljónir og CAD eiginfjárhlutfall 17,57%. Samkvæmt útreikningum nú, eftir að tekið hefur verið tillit til þessarar niðurfærslu í eignasafninu um 207 milljónir, er ljóst að raunverulegt CAD hlutfall sjóðsins hefur ekki verið nema 10,53% og sjóðurinn á þeim tíma langt frá því að uppfylla skilyrði um rekstrarhæfi."

Sex daga verkfall yfirvofandi

Yfir 80% af atkvæðisbærum læknum tók þátt í atkvæðagreiðslu Læknafélags Íslands um verkfallsboðun og yfir 95% þeirra samþykktu fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir sem gert er ráð fyrir að hefjist þann 27. október. Niðurstaða kosninganna er afgerandi en þetta er í fyrsta sinn sem læknar hérlendis, sem fengu takmarkaðan verkfallsrétt fyrir tæpum 30 árum, boða til verkfalls.

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fara læknar í verkfall í samtals sex sólarhringa náist samningar ekki fyrir þann tíma. Frá miðnætti mánudags 27. október til miðnættis þriðjudags 29. október. Frá miðnætti mánudags 17. nóvember til miðnættis þriðjudags 18. nóvember. Frá miðnætti mánudags 8. desember til miðnættis þriðjudags 9. desember.

– smari@bb.is

Gamlir bílar og ónýtir vegir

Íslendingar eru eðli málsins samkvæmt mikil bílaþjóð. Hér eru ekki járnbrautir, enda að margra mati ekki grundvöllur fyrir þeim. Dýrt er að leggja þær og farþegar fáir, sennilega allt of fáir, til þess að standa undir rekstri. Þó eru uppi hugmyndir um að leggja járnbraut milli Reykjavíkur og Keflavíkur eða öllu heldur Keflavíkurflugvallar. Framtíðin býr kannski yfir óvæntum lausnum í þeim efnum. Á meðan eru samgöngur innanlands einkum byggðar á umferð bíla. Þróunin hefur að sumu leyti verið athyglisverð með tilkomu strætisvagnaferða um nánast allt land. En jafnvel útlendir ferðamenn kjósa fremur að ferðast á einkabílum, það er að segja bílaleigubílum. Landsmenn sjálfir virðast helst vilja nota einkabílinn enda fáir vænlegir kostir aðrir í boði. Innanlandsflug er því miður of dýrt fyrir flest venjulegt fólk og ekki bætir úr skák stöðugur áróður fyrir því að leggja af Reykjavíkurflugvöll. Höfuðborgin skiptir okkur flest máli. Þar á allt að vera best, ekki síst heilbrigðisþjónusta og menntun. Að auki situr þar meginpartur stjórnsýslu lýðveldisins Íslands, auk löggjafarþingsins og Hæstaréttar. Þangað og þaðan þarf því að vera greiðfært öllum þegnum lýðveldisins.

Fréttir um það að bílaflotinn sé nú að verða sá elsti í Evrópu, um 12 ára gamall að meðaltali, eru svo sem ekki nýjar því með hverju ári eldast bílar um eitt ár. Sérfræðingar telja að gamall bílafloti kunni að bjóða hættunni heim. Slysahætta muni aukast af þeim sökum. Það er vont. En við þessar fréttir bætist að vegamálastjóri hefur lýst því yfir að viðhaldi vega sé orðið svo ábótavant að það kunni að hafa í för með sér aukna slysahættu. Það eru vondar fréttir, ekki síst fyrir þá sök að íslenska ríkið er stórskuldugt og það hefur ekki burði til mikilla átaka í þessum efnum fremur en öðrum. Það er því ljóst að nýja hugsun þarf til. Forgangsraða verður verkefnum líkt og á venjulegu heimili þegar ekki eru til peningar til alls þess sem löngun stendur til að gera. Utanlandsferð fjölskyldunnar verður að bíða meðan þvottvélin er í viðgerð eða ný keypt. Það nauðsynlega verður að ganga fyrir. Sama er með samgöngur. Þær eru grunnur góðs nútímasamfélags.

Fleiri eiga hagsmuna að gæta varðandi aldraðan bílaflota og vegi sem skortir viðhald. Allir einblína á útlenda ferðamenn og tekjur af þeim. Gott og vel. En bæði gestir okkar og við sjálf verðum að búa við mannsæmandi vegi og bíla annars er grundvöllur samganga á Íslandi í hættu. Hér er þarf að raða viðhaldi vega í forgang og þá dugir ekki að gleyma Vestfjörðum.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Ísafjarðarbær auglýsir skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting mun m.a. fjalla um frístundabyggð, orkuvinnslu, efnistökusvæði, iðnaðarsvæði og raflínur auk endurskoðunar á landnotkun afmarkaðra svæða. Jafnframt er gert ráð fyrir að yfirfara greinargerð og uppdrætti vegna misritunar eða innsláttarvillna í gildandi skipulagi og skerpa á óskýru orðalagi.

Eftirfarandi eru helstu breytingar sem verða gerðar á skipulaginu

Svæði	Núverandi landnotkun	Fyrirhuguð landnotkun	Lýsing
Grænigarður – Ísafirði	Iðnaðarsvæði og frístundabyggð	Frístundabyggð	Stækkun frístundabyggðar. Nær til núverandi bygginga. Ekki gert ráð fyrir nýbyggingum.
Nesdalur	Frístundabyggð	Opið svæði	Fækkun frístundahúsa úr 8 á tveimur svæðum í 4 á einu svæði. Felur í sér minna rask.
Arnardalur	Landbúnaðarsvæði	Frístundabyggð	Í landi Ytri-Húsa, yst í Arnardal. Gert ráð fyrir allt að 9 húsum. Aukið framboð af frístundasvæðum.
Sneiðingar - Þingeyri	Óbyggð svæði	Frístundabyggð	Gert ráð fyrir allt að 4 húsum. Aukið framboð af frístundasvæðum.
Dagverðardalur	Íbúðarbyggð	Frístundabyggð	Fyrirhugaðri íbúðarbyggð breytt í frístundabyggð. Aukið framboð af frístundasvæðum.
Engidalur	Reiðleið, óbyggð svæði	Reiðleið og óbyggð svæði	Færsla á reiðleið. Ný leið verður greiðfærari og nýtist einnig vegna framkvæmdar á alþjóðlegu gönguskíðamóti.
Seljalandsdalur	Opin svæði	Efnistökusvæði	Tímabundið efnistökusvæði. Áningarstaður að efnistöku lokinni. Efnið verður m.a. notað við frágang á varnargarði neðan Gleiðarhjalla.
Þverfjall - Breiðadalsheiði	Óbyggð svæði	Iðnaðarsvæði	Vindrafstöð. Aukin raforkuframleiðsla mun auka orkusjálfstæði Vestfjarða.
Hvilftarströnd - Breiðadalur	Óbyggð svæði	Iðnaðarsvæði	Virkjun á þremur ám. Aukin raforkuframleiðsla mun auka orkusjálfstæði Vestfjarða.
Stóra-Eyjavatn - Mjólkárvirkjun	Óbyggð svæði	Virkjanamannvirki (vatnspípa og stífla)	Vatni veitt í Mjólkárvirkjun. Aukin raforkuframleiðsla mun auka orkusjálfstæði Vestfjarða.
Ofan Hlíðarvegar - Ísafirði	Iðnaðarsvæði	Opin svæði	Iðnaðarsvæði ofan Hlíðarvegar fellt út. Starfsemi færð af ofanflóðasvæði á öruggara svæði.
Breiðadalsheiði - Skutulsfjörður	Óbyggð svæði, vatnsverndarsvæði og opin svæði	Rafmagn (raflínur)	Breytt lega rafveitulagna, að hluta til í jarðstreng. Framkvæmd er ætlað að auka afhendingaröryggi á raforku.
Tungudalur	Opin svæði	Viðfangsefni íkomandi skipulagsvinnu	Endurskoðun landnotkunar og samræming. Bæta á aðstöðu til útivistar og íþróttaiðkunar en einnig skoða möguleika á byggingu smáhýsa fyrir ferðaþjónustu.
Pollurinn í Skutulsfirði	Blönduð landnotkun	Viðfangsefni í komandi skipulagsvinnu	Endurskoðun landnotkunar. Bæta á umhverfi, öryggi og hagsæld en jafnframt hlúa að félagsauði samfélagsins og menningu.
Minni háttar leiðréttingar og lagfæringar á uppdráttum og greinargerð.			

Lýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðum Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá 16. október 2014 til 13. nóvember 2014. Þeir sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna þurfa að skila þeim inn á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði eigi síðar en 13. nóvember 2014.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs.
Ísafirði 10. október 2014.

Krossgátan



				Jón Steingr.	Haltra	Samst. Bið		Ástundun / Greinir	Vörn / Tónn		Orm Fuglar	
				Þungi Hress / Rán								
Ísl.st. / Orðrómur		Flökta Þvaga	Drykkur / Bikkjan					Lána / Kona Snyrtir				
							Kraftur / Hita					
Óttaleysi											Samhlj. / Flýtir	
Söngla Drabba												
Fugl Röð / Val							Átt / Baul		Óðagot			
				Spírurnar / Botn								
Tónn		Korn / Kirkjuumdæmi			Mæða / Kjánar						R.vík / Sál	
Skjótur / Hljóðfæri						Reita saman / Hjálp						Grænmetis
			Krydd Sægur / Pota									
Galla / Hægt							Særa / Hljómað					
				Reyfi					Þófi / Ilát			
Átt		Leir / Sömu				Áburður / Tala					Átt / Leit	
			Tala / Upphr.		Gæta sín							
Gröm								Æð				

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Sportið í beinni...

Föstudagur 17. október
kl. 18:45 Rotherham - Leeds
Laugardagur 18. október
kl. 11:45 Man. City - Tottenham
kl. 14:00 Newcastle - Leicester
kl. 14:00 Everton - Aston Villa
kl. 14:00 Crystal P - Chelsea
kl. 14:00 Arsenal - Hull
kl. 14:00 Burnley - West Ham
kl. 14:00 Levante - Real M.
kl. 14:00 South.pt. - Sunderland
kl. 18:00 Barcelona - Eibar
Sunnudagur 19. október
kl. 12:30 QPR - Liverpool
kl. 15:00 Stoke - Swansea
Mánudagur 20. október
kl. 18:45 Real S. - Getafe
kl. 17:00 WBA - Man. Utd.
Þriðjudagur 21. október
kl. 16:00 CSKA M. - Man. City
kl. 18:45 Chelsea - Maribor
kl. 18:45 Roma - Bayern M
kl. 18:45 Barcelona - Ajax
Miðvikudagur 22. október
kl. 18:45 Liverpool - Real M.
kl. 18:45 Anderlecht - Arsenal

Dagar Íslands

16. október 1890: Sími sem lagður hafði verið milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar var vígður af landshöfðingja. Þetta var fyrsta „málmþráðarlagning“ hér á landi.
17. október 1987: Um 450 gr. af kókaíni fundust í fórum brasilískra hjóna sem dvöldu í Hveragerði. Þetta var mesta magn kókaíns sem náðst hafði á Íslandi.
18. október 1980: Sjötta hrina Kröfluelda hófst, sú þriðja á árinu. Hún stóð í fimm daga. Alls urðu goshrinurnar níu, frá 1975-1984.
19. október 1994: Guðbjörg, fullkomnasta skipið í íslenska fiskveiðiflotanum kom til heimahafnar á Ísafirði. Það kostaði um 1,5 milljarð króna.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Gengur í allhvassa eða hvassa austanátt. Þurrt V-til á landinu en annars væta. Hlýnar heldur í veðri.

Horfur á laugardag:
Stíf austan- og norðaustanátt með rigningu, talsverð úrkoma A-lands. Hiti 4-10 stig.

Horfur á sunnudag:
Áfram austlæg átt og úrkomulítið. Hiti 5-10 stig.

Lausn á síðustu krossgátu

Jón Steingr.			S	A				Þ		A	
	B	E	T	R	I	⇨	E	R	⇩	L	K
	E	R	Ú	Ð		B	R	E	D	D	A
E	T	N	A		H	A		F	Y	R	R
	U		R	E	I	K	I		G	I	L
Ö	R	K		L	K		R	Ó	G		A
	⇩	L	A	G	S	B	R	Æ	Ð	U	R
	V	Á		S		Ö		Ó	⇩	N	
E	I	R	A		U	G	G		E	I	N
	N	Æ	T	U	R	G	A	G	N		O
Ú	N	S	A		M	A	T	I	⇩	Á	T
	U		Á	S	U		A	N	D	R	A
B	R	I	M	I	L	L		S	Ý	L	L
	⇩	Ð		G	L	Á	S		R	A	E
	V	A	L	L		T	T	Æ	⇩	G	G
B	I	Ð	L	A	R		Á	Ð		A	U
	T	⇨	E	N	⇨	S	T	R	I	T	R

Sudoku þrautir

3	9		4		6			
		7				3		2
		6	3	7		5		
		3		4	9			
7	6					4	5	
9		4		6	7		1	
1	5			3			2	6
4								
		9			2		4	7

5	6			2			4	
8	3	7		1				
2		1		6	9		3	
	9						2	5
6	8	2		5	1			
	7		8		2	1		9
3				7	4		8	
	2	4	5			3	1	
7		8	2	9	3			

Eldisleyfið stækkað um þúsund tonn

Umhverfisstofnun hefur afgreitt tillögu að stórauknu starfsleyfi fyrir útgerðar- og eldisfyrirtækið ÍS-47 ehf. á Ísafirði. Fyrirtækið er með leyfi til 200 tonna eldis á regnbogasilungi og þorski í Önundarfirði. Nýja starfsleyfið er upp á 1.200 tonna eldi í Önundarfirði. Fyrirtækið hóf fiskeldi árið 2010 í Skutulsfirði en fluttist árið eftir í Önundarfjörð. Eldið var til að byrja með áframeldi á þorski en eldi á regnbogasilungi hófst 2013. Tillagan mun liggja frammi á skrifstofu Ísafjarðarbæjar á tímabilinu til 19. nóvember 2014.

Á vef Umhverfisstofnunar má finna auglýsta tillögu Umhverfisstofnunar, umsóknargögnin, tilkynningu til Skipulagsstofnunar og matsskylduákvörðun hennar. Frestur til að gera athugasemdir um starfsleyfistillöguna er til 19. nóvember 2014.

Góð fasteignasala á Vestfjörðum

Góð sala hefur verið í fasteignum á Vestfjörðum í sumar og virðist sem áframhald verði þar á að sögn Guðmundar Óla Tryggvasonar, fasteignasala hjá Fasteignasölu Vestfjarða. Mest sala hefur verið í 3-4 herbergja íbúðum en aðeins rólegra er yfir einbýlis- og raðhúsum. Skortur er á íbúðum til sölu á eyrinni á Ísafirði. „Góðar íbúðir á eyrinni seljast alltaf vel. Þá hefur verið gríðarlega mikil sala á Flateyri í ár. Þar er mest um að ræða einstaklinga sem eru að kaupa húseignir til útleigu. Þá hefur verið ágæt sala á Patreksfirði og í Bolungarvík hefur salan verið tiltölulega stöðug," segir Guðmundur Óli.

Fasteignaverð hefur hækkað hægt og rólega í ár. Gott einbýlishús á Ísafirði fer á ca. 120 þúsund krónur á fermetra og jafnvel meira eftir ástandi eignarinnar. Svipað verð á íbúðum á eyrinni á Ísafirði. „Við náum ekki að halda í við höfuðborgarsvæðið. Við hækkum hægt og rólega og tökum því ekki kipp niður á við líkt og gerst hefur þar," segir Guðmundur Óli.

smáar

Hef til sölu Sögu Strandamanna, Sléttuhrepps, Sögu Alþingis, 5 bindi, Frá ystu nesjum eftir Gils Guðmundsson, Jeppabókina, Listaverkabók Einars Jónssonar. Uppl. í síma 557 7957.

Þjónustuauglýsingar

FLJÚGÐU Í BESTU SÆTIN

SIGGA BEINTEINS Í ELDBORG | 6. DESEMBER

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ því að farþegar sem bóka flug bæti tónleikamiða, á besta stað í Hörpu, við kaupin fyrir aðeins 7.600 kr. aukalega.

Bókaðu nettilboð núna og bættu tónleikamiðanum við flugið.

FLUGFELAG.IS

VINGUMST: facebook.com/flugfelag.islands

Tilboðið á tónleikana gildir til 1. nóvember 2014. Takmarkað magn tónleikamiða.

íslenska/sia.is FLU 70691 09/14